

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Norðvesturlandi.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr líkum á meðafla djúpkarfa við veiðar á grálúðu á svæði út af Norðvesturlandi.

2. gr.

Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á skilgreindu svæði út af Norðvesturlandi (á norðaustanverðu Hampiðjurtorgi).

Svæðið markast af línu sem dregin er á milli eftirfarandi hnita:

1. $66^{\circ}00,00'N - 27^{\circ}00,00'V$
2. $65^{\circ}43,00'N - 27^{\circ}42,00'V$
3. $65^{\circ}35,00'N - 27^{\circ}42,00'V$
4. $65^{\circ}43,00'N - 27^{\circ}00,00'V$
5. $66^{\circ}00,00'N - 27^{\circ}00,00'V$

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 15.-21. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 9. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 11. október 2023.

Svandís Svavarsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.